



UMBOÐSMÁÐUR BARNA

Velferðarnefnd Alþingis.

Reykjavík 13. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðendur, nr. 130/1999 (ættleiðendur), 196. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 18. október sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 151. löggjafarþingi (692. mál) og er nú endurflutt með breytingum, en í umsögn umboðsmanns barna við 692. mál kom eftirfarandi fram.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um ættleiðingar sem fela í sér að einstaklingur sem hefur verið í sambúð eða hjúskap við foreldri barns en síðar slitið samvistum við það geti óskað eftir að ættleiða barnið án þess að lagatengsl rofni við hitt foreldrið. Þá er í frumvarpinu einnig lögð til heimild til að ættleiða barn eða kjörbarn einstaklings sem fallið hefur frá.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmið þess sé að tryggja að umsækjandi um ættleiðingu sem alið hefur upp barn geti fengið leyfi til þess að ættleiða það, þrátt fyrir að hafa slitið sambúð eða hjónabandi við foreldri barns.

Að mati umboðsmanns barna væri samþykkt frumvarpsins mikið framfaraskref þar sem ættleiðing stjúppforeldris yrði ekki lengur háð því að viðkomandi væri í sambúð eða hjúskap með foreldri barns. Ljóst er að tengsl sem barn hefur myndað við aðila sem gengið hefur því í foreldrastað, rofna ekki sjálfkrafa við slit á sambúð eða hjúskap foreldris við þann aðila. Þá eiga börn rétt á því að mynda, viðhalda og rækta tengsl við þá aðila sem þau líta á sem foreldri sitt, óháð því hvort um blóðtengsl sé að ræða.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins getur tilgangur slíkrar ættleiðingar einnig verið sá að tryggja börnum sem hafa alist upp í sömu fjölskyldu, sömu réttindi, eins og til dæmis erfðarétt.

Þá ber þess að geta að í skýrslu sem unnin var fyrir innanríkisráðuneytið árið 2011, af Rannsóknarstofnun Háskóla Íslands um fjölskyldumálefni, undir heitinu Ættleiðingar á Íslandi - í þágu hagsmuna barns, var sett fram tillaga um að opna fyrir stjúpættleiðingar af hálfu stjúpforeldris eftir skilnað, sambúðarslit eða andlát foreldris með sambærilegum hætti og heimilt er í Danmörku, eins og frumvarpið leggur til.

Samkvæmt 21. gr. Barnasáttmálans, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, skulu aðildarríki sáttmálans tryggja að við ákvarðanir um ættleiðingu sé fyrst og fremst sé litið til þess sem barni er fyrir bestu. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem hefur eftirlit með framkvæmd Barnasáttmálans og veitir jafnframt leiðbeiningar um túlkun hans, hefur sett fram leiðbeiningar um hvernig á að framfylgja meginreglu sáttmálans um bestu hagsmuni barns (e. General Comment No. 14 (2013) on the right of the child to have his or her best interests taken as a primary consideration). Þar áréttar nefndin að í grein sáttmálans um ættleiðingar, sé rík áhersla lögð á bestu hagsmuni barns, þar sem að greinin kveður á um að ekki aðeins eigi það sem er barni fyrir bestu að hafa forgang (e. primary consideration) heldur sé gengið lengra í orðalagi greinarinnar og kveðið á um að fyrst og fremst skuli líta til þess sem er barni fyrir bestu (e. paramount consideration).

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat umboðsmanns barna að framangreint frumvarp sé til þess fallið að uppfylla skilyrði Barnasáttmálans um ættleiðingar sem byggja á bestu hagsmunum barns, að því gefnu að til staðar séu þau tengsl barns og fyrrverandi stjúpforeldris, sem báðir aðilar eru sammála um að rækta, viðhalda og formgera með ættleiðingu.

Virðingarfyllst,



Guðríður Bolladóttir,
settur umboðsmaður barna